

Stofnanabáttur kjarasamninga við félagsmenn Félags íslenskra Náttúrufræðinga við Rb

1. Inngangur

Starfsmenn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins (Rb) innan Félags íslenskra Náttúrufræðinga (FÍN) annars vegar og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hins vegar gera með sér stofnanasamning um forsendur og reglur við röðun starfa við stofnunina skv. ákvæðum kjarasamnings þeirra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

2. Markmið

2.1 Almenn markmið

Markmið samningsins er að starfsmönnum gefist tækifæri til að eflast í starfi, bæta kjör sín og styrkja stofnunina þegar til lengri tíma er litið. Einnig er það markmið samningsins að auka hlutfallslega vægi grunnlauna og að skapa forsendur fyrir betri starfsskilyrðum, þannig að stofnunin geti brugðist hratt við breytingum í innra og ytra umhverfi, aukið gæði þjónustunnar og skapað grundvöll fyrir aukinni hagræðingu.

2.2 Sértek markmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- a. að launakerfið sé sveigjanlegt og að ákvarðanir um röðun starfa verði teknar með rökstuddum málefnalegum hætti þannig að starfsmönnum sé ljóst hvaða þættir eru lagðir til grundvallar launaröðun starfa,
- b. að launaákvörðun sé í samræmi við jafnréttisstefnu Rb um jöfn laun kynja,
- c. að unnið verði að því að laun séu samkeppnishæf og sambærileg við eðlilega viðmiðunarhópa á almennum markaði og hjá opinberum aðilum,
- d. að launakerfið sé opið fyrir fastlaunasamningum,
- e. að launakerfið nýtist sem stjórn tæki til þess að ná markmiðum Rb er varða hæfni, þjónustustig og stuðli að uppbyggingu og viðhaldi á góðri þekkingu á Rb,
- f. að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til að njóta hlutdeildar í aukinni skilvirkni í starfsemi Rb, samkvæmt sérstakri ákvörðun,
- g. að launakerfið stuðli að framléiðniaukningu starfsmanna og stofnunar í heild.

3. Starfaflokkar og röðun innan starfa

3.1 Almenn atriði

Stofnanasamningur fyrir FÍN starfsmenn á Rb

Skilgreint er kerfi starfa við stofnunina sem byggir á fjórum tegundum starfa, þ.e. aðstoðarforstjóri, sviðsstjóri, sérfræðingur I, II og III og verkefnisstjóri I og II.

Í launakerfi Rb eru þrjú launarammar:

- Rammi 1 sem tekur til launaflokka 12 – 33.
- Rammi 2 sem tekur til launaflokka 09 – 20.
- Rammi 3 sem tekur til launaflokka 06 – 15.

Varðandi launaflokka sjá launatöflu FÍN sem tekur gildi 1. maí 2006, viðauki A2 í þessum samningi.

Atriði sem liggja til grundvallar við röðun starfa eru:

Ábyrgð í starfi og umfang starfssviðs, reynsla og þekking, starfsferill á Rb og starfsferill við sambærileg störf, menntun og sérhæfni sem nýtist í starfi og sjálfstæði í vinnubrögðum. Ennfremur er tekið tillit til samstarfs við innlend og / eða erlend fyrirtæki, stofnanir eða samtök, samskipta við samstarfsmenn, frumkvæðis og sköpunargleði.

3.2 Skilgreiningar starfa

3.2.1 Rammi 1

Í ramma 1 raðast m.a. þeir sem koma að stjórnun, áætlanagerð og samskiptum við mikilvæga viðskiptaaðila / samstarfsaðila.

Starfssvið er skilgreint með eftirfarandi hætti:

Aðstoðarforstjóri

Aðstoðarforstjóri er staðgengill forstjóra

Sviðsstjóri

Sviðsstjóri er faglega í forsvari fyrir deild / sviði / fagsviði. Starf hans felst eftir atvikum í stjórnun, áætlanagerð, eftirfylgni með áætlun og ábyrgð á deild / sviði / fagsviði.

Sérfræðingur I / Verkefnisstjóri I

Áherslur í starfi sérfræðings I geta verið m.a. þjónusta við viðskiptavini sem og við aðra starfsmenn Rb. Sérfræðingur I er með yfirgripsmikla þekkingu og kemur upplýsingum á framfæri á vettvangi sem stofnunin viðurkennir. Sérfræðingur I leiðir gjarnan starf á sínu sviði.

Verkefnisstjóri I hefur langa starfsreynslu af verkefnastjórnun (að lágmarki 3-5 ár). Hann hefur m.a. komið á og viðhaldið sambandi við mikilvæga samstarfsaðila / viðskiptavini og náð árangri við rekstur verkefna.

3.2.2 Rammi 2

Í ramma 2 raðast þeir sérfræðingar / verkefnisstjórar sem vinna sjálfstætt. Verkefnin felast m.a. í úrvinnslu gagna, töflugerð, ritun greinargerða og skýrslna.

Starfssvið er skilgreint með eftirfarandi hætti:

Stofnanasamningur fyrir FÍN starfsmenn á Rb

Sérfræðingur II / verkefnisstjóri II

Áherslur í starfi sérfræðings II eru m.a. þjónusta við viðskiptavinum sem og við aðra starfsmenn Rb. Sérfræðingur II er framarlega á sínu fagsviði og kemur upplýsingum á framfæri á vettvangi sem stofnunin viðurkennir.

Verkefnisstjóri II hefur m.a. komið á og viðhaldið sambandi við mikilvæga samstarfsaðila / viðskiptavinum og náð árangri við rekstur minni verkefna.

Sérfræðingur II og verkefnisstjóri II starfa ýmist einir eða í samvinnu við aðra. Þeir geta haft verkstjórn yfir samstarfsmönnum vegna eigin verkefna.

3.2.3 Rammi 3

Í ramma 3 raðast þeir sem sinna almennum störfum sem að jafnaði eru unnin undir stjórn annarra. Starfsmaður með 90 eininga háskólapróf er að lágmarki grunnaðað í 6. launaflokk.

Starfssvið er skilgreint með eftirfarandi hætti:

Sérfræðingur III

Sérfræðingur III vinnur mest undir handleiðslu annarra að rannsóknum og ráðgjafastörfum. Verkefnin felast aðallega í öflun gagna, greiningu, úrvinnslu og almennri miðlun upplýsinga.

3.2.4 Röðun starfa í launaflokka ásamt starfsheitum

Launarammi	Starfsheiti	Launaflokkur	Athugasemdir
Rammi 1	Sviðsstjóri 1	12 – 15	Yfirmenn deilda/sviða.
	Sviðsstjóri 2	16 – 18	1 – 3, vaxandi umfang starfs og ábyrgð
	Sviðsstjóri 3	19 – 33	
	Sérfr. I-1/verkefnisstj. I-1	12 – 15	Yfirumsjón fagsviða.
	Sérfr. I-2/verkefnisstj. I-2	16 – 18	1 – 3, vaxandi
	Sérfr. I-3/verkefnisstj. I-3	19 – 33	fagþekking, umfang starfs og ábyrgð
	Aðstoðarforstjóri		Staðgengill forstjóra
Rammi 2	Sérfr. II-1/verkefnisstj. II-1	09 – 12	Vinna að mestu sjálfstætt. 1 – 3,
	Sérfr. II-2/verkefnisstj. II-2	13 – 16	vaxandi fagþekking, umfang starfs og
	Sérfr. II-3/verkefnisstj. II-3	17 – 20	ábyrgð
Rammi 3	Sérfr. III-1	06 – 08	Sjálfstæð vinna undir
	Sérfr. III-2	09 – 12	umsjón annarra.
	Sérfr. III-3	13 – 15	1 – 3, vaxandi umfang starfs

4. Mat á einstökum þáttum

Stofnanasamningur fyrir FÍN starfsmenn á Rb

4.1 Starfsreynsla

Eftir 3 mánuði í starfi hjá Rb, án viðurkenndrar starfsreynslu, eiga starfsmenn rétt á eins launaflokks hækkun og eftir 6 mánuði einum launaflokki til viðbótar. Eftir eitt ár í starfi hjá Rb eiga þeir sömu rétt á viðbótarhækkun um einn launaflokk.

Heimilt er að meta starfsreynslu frá öðrum, ef hún nýtist í starfi og er hún þá talin til reynslu hjá stofnuninni.

4.2 Menntun

Starfsmaður með menntun umfram fyrsta háskólapróf hvort heldur er um að ræða aðra grunngráðu eða aðra umframmenntun á háskólastigi skal fá að lágmarki einn launaflokk.

Starfsmaður sem hefur meistaragráðu eða sambærilega menntun skal fá að lágmarki 2 launaflokka. Með sambærilegri menntun í þessu tilviki er átt við að starfsmaður hafi háskólamenntun umfram fyrsta lokapróf og sýni í starfi fulla sambærilega hæfni við samstarfsmenn með meistarapróf.

Starfsmaður með doktorspróf skal fá að lágmarki 4 launaflokka vegna menntunar.

4.3 Mat á hæfni og frammistöðu einstakra starfsmanna

Starfsmönnum er heimilt að óska endurmats á launakjörum og starfsheiti að lágmarki árlega m.a. vegna frammistöðu í starfi, aukinnar starfsreynslu eða þegar starfsumhverfi og / eða verksvið breytist, sjá einnig grein 2. Getur starfsmaður þá lagt fram rökstuðning fyrir launakröfum og ber forstjóra að svara honum skriflega ef óskað er. Forstjóri getur jafnframt ákveðið að endurmeta launakjör starfsmanns til hækkunar hvenær sem er.

4.4 Eingreiðslur og aðrar tímabundnar greiðslur

Ef starfsmaður sýnir mjög góðan árangur í starfi getur hann fengið greiðslu sem nemur allt að kr. 30.000 á mánuði í 1 – 12 mánuði eftir atvikum vegna sérstaks framlags eða framúrskarandi árangurs. Einnig er heimilt að hækka menn tímabundið í launaflokkum ef sérstakar ástæður eru til, s.s. vegna staðgengilsstarfa o.fl. Verði tekjuafgangur af rekstri Rb er heimilt að greiða sérstaka umbun sem hlutfall af launum með sérstakri ráðstöfun.

5. Endurmenntun

Unnið skal markvisst að endurmenntun/símenntun starfsmanna til þess að tryggja sérþekkingu á stofnuninni eins og best gerist.

6. Vinnutími

Virkur vinnutími er 37 klst. á viku. Reglulegur vinnutími hefst kl. 8:00. Unnt er að semja um sveigjanlegan vinnutíma.

Stofnanasamningur fyrir FÍN starfsmenn á Rb

7. Launasamráð

Aðilar skulu yfirfara sameiginlega hvort launaþróun á Rb sé þannig að það stefni í að markmiðum þessa samnings um launakjör sé náð samanber m.a. grein 2. Þessir fundir skulu haldnir að jafnaði tvisvar á ári í framhaldi af útkomu skýrslna kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna. Hvor aðili fyrir sig getur óskað samráðsfundar telji hann tilefni til og skal hann þá haldinn við fyrstu hentugleika.

8. Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2006. Aðilar geta óskað endurskoðunar þessa samnings í samræmi við ákvæði aðalkjarasamnings.

Keldnaholti 2006-05-23

f.h. Rb

Haldr Stefánsson
Jón Sigurðsson

f.h. samninganefndar stéttarfélags

Vonni Haukelsson
Pjetur Petursson

Viðauki A

A1 Við yfirfærslu í nýja launatöflu hefur verið tekið tillit til þegar áunninna réttinda samanber greinar 4.1 - 4.3 .

A2 Launatafla kjarasamnings fjármálaráðherra og Félags íslenskra náttúrufræðinga undirrituðum 18. mars 2005

	< 30 ára	30 ára	35 ára	40 ára	45 ára
Lfl.	1. þrep	2. þrep	3. þrep	4. þrep	5. þrep
01	200.000	203.000	206.045	209.136	212.273
02	206.045	209.136	212.273	215.457	218.689
03	212.273	215.457	218.689	221.969	225.299
04	218.689	221.969	225.299	228.678	232.108
05	225.299	228.678	232.108	235.590	239.124
06	232.108	235.590	239.124	242.711	246.352
07	239.124	242.711	246.352	250.047	253.798
08	246.352	250.047	253.798	257.605	261.469
09	253.798	257.605	261.469	265.391	269.372
10	261.469	265.391	269.372	273.413	277.514
11	269.372	273.413	277.514	281.677	285.902
12	277.514	281.677	285.902	290.191	294.544
13	285.902	290.191	294.544	298.962	303.446
14	294.544	298.962	303.446	307.998	312.618
15	303.446	307.998	312.618	317.307	322.067
16	312.618	317.307	322.067	326.898	331.801
17	322.067	326.898	331.801	336.778	341.830
18	331.801	336.778	341.830	346.957	352.161
19	341.830	346.957	352.161	357.443	362.805
20	352.161	357.443	362.805	368.247	373.771
21	362.805	368.247	373.771	379.378	385.069
22	373.771	379.378	385.069	390.845	396.708
23	385.069	390.845	396.708	402.659	408.699
24	396.708	402.659	408.699	414.829	421.051
25	408.699	414.829	421.051	427.367	433.778
26	421.051	427.367	433.778	440.285	446.889
27	433.778	440.285	446.889	453.592	460.396
28	446.889	453.592	460.396	467.302	474.312
29	460.396	467.302	474.312	481.427	488.648
30	474.312	481.427	488.648	495.978	503.418
31	488.648	495.978	503.418	510.969	518.634
32	503.418	510.969	518.634	526.414	534.310
33	518.634	526.414	534.310	542.325	550.460